

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 124/2011

2012/EES/15/02

frá 2. desember 2011

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar  
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2011 frá 21. október 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2011 frá 21. október 2011 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 16/2011 frá 10. janúar 2011 um framkvæmdarráðstafanir vegna hraðviðvörunarkerfisins fyrir matvæli og fóður <sup>(3)</sup>.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 53. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 200/2010) í hluta 7.2 í I. kafla:  
„54. **32011 R 0016:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 16/2011 frá 10. janúar 2011 um framkvæmdarráðstafanir vegna hraðviðvörunarkerfisins fyrir matvæli og fóður (Stjtið. ESB L 6, 11.1.2011, bls. 7).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 47. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009) í II. kafla:  
„47a. **32011 R 0016:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 16/2011 frá 10. janúar 2011 um framkvæmdarráðstafanir vegna hraðviðvörunarkerfisins fyrir matvæli og fóður (Stjtið. ESB L 6, 11.1.2011, bls. 7).“

2. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzzzzl (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/169/ESB) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „54zzzzzm. **32011 R 0016:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 16/2011 frá 10. janúar 2011 um framkvæmdarráðstafanir vegna hraðviðvörunarkerfisins fyrir matvæli og fóður (Stjtið. ESB L 6, 11.1.2011, bls. 7).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 72, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 78, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 12.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 6, 11.1.2011, bls. 7.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 16/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.